

Rekstrarstyrkir til sjálfstætt starfandi ungbarnaskóla sem gert hafa þjónustusamning við Leikskólasvið.

- Styrkur pr. dvalargildi -

3.1 Rekstrarstyrkur fyrir börn frá 6/9 mánaða aldri til 36 mánaða:

Leikskólasvið greiðir X rekstrarstyrk með þeim börnum sem dvelja í leikskólanum á hverjum tíma. Greiddur er rekstrarstyrkur fyrir börn hjóna og sambúðarfólks frá 9 mánaða aldri og fyrir börn einstæðra foreldra og námsmanna frá 6 mánaða aldri.

Rekstrarstyrkur er greiddur með börnum þar til þau verða þriggja ára.

Rekstrarstyrkur á hvert barn er reiknaður út í dvalargildum. Fjöldi dvalargilda fyrir hvert barn fer eftir fjölda dvalarstunda og aldri barns.

Árlegur styrkgrunnur fyrir hvert dvalargildi er reiknaður út á eftirfarandi hátt:

Í áætlaðan rekstrarkostnað borgarrekkinna leikskóla á ársgrundvelli, þ.e. fyrir 12 mánaða tímabil, að frádreginni húsaleigu og að viðbættri fjárhæð vegna yfirstjórnar er deilt með áætluðum heildarfjölda dvalargilda í borgarreknum leikskólum á sama rekstrarári.

Mánaðarlegur rekstrarstyrkur fyrir hvert barn nemur 1/11 af árlegum styrkgrunni að frádreginni tvöfaldri mánaðarlegri greiðslu foreldra samkvæmt gjaldskrá Leikskólasviðs. Rekstrarstyrkurinn er greiddur út mánaðarlega með ellefu greiðslum, ekki er greitt í júlí.

Gert er ráð fyrir að öll börn taki sumarleyfi í 4 vikur og leikskólanum sé heimilt að loka vegna skipulagsdaga, jafnmarga daga og borgarrekknir leikskólar loka, nú 4 daga á ári, án þess að rekstrarstyrkir verði skertir.

Fjárhæð pr. dvalargildi á mánuði	9.831 kr.

Fjárhæðin er miðuð við 45% hlutfall fagmenntaðs starfsfólks. Frávik frá 45% hlutfallinu, þó að hámarki uppí 70% hlutfall fagmenntaðs starfsfólks, reiknast til lækkunar eða hækkunar á greiðslum Leikskólasviðs. Ef hlutfallið eykst eða minnkar hækkar/lækkar greiðslan um 1,47% fyrir hverja 5 prósentustigs hækkun eða lækkun á hlutfalli fagfólks, þó að hámarki uppí 70%.

Rekstrarstyrkurinn endurskoðast í janúar ár hvert í samræmi við breytingar á fjárhæðum í fjárhagsáætlun Leikskólasviðs, sem liggja til grundvallar á útreikningi rekstrarstyrksins. Rekstrarstyrkurinn verður endurskoðaður ef breytingar verða í rekstrarumhverfi Leikskólasviðs, s.s. vegna breytinga á kjarasamningum eða vegna kröfu um hagræðingu í rekstri.

Aldur barna	Barngildisstuðull	Hámarksfjöldi vistunartíma f. hvert barn á mánuði	Hámarksfjöldi dvalargilda pr. barn á mánuði	Fjárhæð per dvalargildi á mánuði	Heildarkostnaður	Gjaldskrá foreldra margfölduð með 2 (vistunargjald og fæði(gjaldflokkur 1))	Hámarks rekstrarstyrkur Leikskólasviðs pr. barn á mánuði
6/9 - 23 mánaða	2	9	18	9.831	176.958	62.310	114.648
24 - 35 mánaða	1,6	9	14,4	9.831	141.566	62.310	79.256

Barngildisstuðull miðast við árgang og uppfærast í júlí ár hvert, þ.e. barn sem fætt er á árinu 2008 reiknast sem tveggja ára frá 1. júlí 2010 hvort sem það er fætt í janúar eða desember 2008.

Til viðbótar greiðist systkinaafsláttur ef tvö börn eða fleiri eru í vistun hjá dagforeldri, sjálfstætt starfandi leikskólum eða í leikskólum Reykjavíkur. Fjárhæð systkinaafsláttar er sama fjárhæð og systkinaafsláttur sem veittur er foreldrum í borgarreknum leikskólum. Viðbótarniðurgreiðsla vegna námsmanna, öryrkja og einstæðra foreldra fer eftir sömu reglum og í gildi eru fyrir börn í leikskólum Reykjavíkurborgar, sjá nánar í reglum um leikskólaþjónustu, [Reglur um leikskólaþjónustu](#).

Athugið að afslættir eru ekki veittir afturvirkir.

Gjaldskrá ungbarnaskóla sem fá rekstrarstyrk frá Leikskólasviði:

Gjaldskrá ungbarnaskóla vegna þjónustu við börn undir þriggja ára aldri má aldrei vera hærri en sem nemur gjaldskrá Leikskólasviðs, vegna dvalar og fæðis barna í leikskólum borgarinnar, margfölduð með 2,15.

Tekur gildi 1.febrúar 2010